

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir til að útrýma fjárkláðanum.

1866.
16. apríl.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, í bréfi dagsettu 1. dag f. m. hafið skýrt frá heilbrigðisástandi fjárens í suðurum-dæminu, og sèst á því, að fjárkláðinn ennþá hefir gjört vart við sig víða í Gullbringu og Kjósarsýslu og í Árnessýslu, hafið þér tjáð stjórnarráðinu, að þér, fyrst svona er ástatt, hafið sett þriggja manna nefnd í Reykjavík, til þess að íhuga öll þau atriði, sem snerta málefni þetta, og bera upp fyrir stiptamtinu uppástungur um ráðstafanir þær, sem gjöra eigi í þessu efni. Auk annars hafið þér farið þess á leit, að yður verði fengnir til umráða 2000 rd. til þess að borga með kostnaðinn af ráðstöfunum þeim, sem gjöra þarf frá því í septembermán. 1865 og þangaðtil í septembermán. 1866 til þess að utrýma sýkinni.

Að því leyti sem þér, herra stiptamtmaður, hafið búizt við, að ekki einasta fè það, sem eydt hefir verið í vetur til þessa, heldur líka það, sem með þarf til næsta hausts, eigi að greiðast úr opinberum sjóði, þá skal þess getið, að dómsmálastjórninni virðist vera vitaskuld, að upp frá því að tilskipun 5. janúarmán. þ. á. um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi hefir öðlæzt lagagildi, en það má búast við að verði nú í vor, á að greiða allan þann kostnað, sem hér ræðir um, á þann hátt sem fyrir er skipað í 3. og 6. grein tilskipunarinnar, og þá fáum vèr ekki betur sèð, en að færa megi niður ekki allítið upphæð þá, sem þér hafið stungið uppá. En til þess að verða við bæn yðar, eins og unnt er, og til þess að gjöra hægara fyrir að framkvæma ráðstafanir þær, sem þér hafið ráðgæzt um við nefnd þá, sem að framan er um getið, og yður virðast nauðsynlegar málefninu til framgangs, þá veitir dómsmálastjórnin yður hèrmeð heimild til að verja allt að 1500 ríkisdöllum til þessa af fè því, sem veitt hefir verið í þessa árs fjárhagslögum til óvissra gjalda handa Íslandi, að meðtöldum þeim 500 rd., sem þér eruð búnir að láta borga úr jarðabókarsjóðnum. Að öðru leyti býst dómsmálastjórnin við, að þér ekki látið borga af fè því, sem

1866.
16. apríl.

yður þannig er fengið til umráða, önnur gjöld en þau, sem álíta má öldungis nauðsynleg, og ekki verða borguð á annan hátt, og vonumst vér einnig eptir, að þér skýrið frá, hvað borgað verður af fê þessu, hvað eptir og það er gjört. Í sambandi við þetta eruð þér beðnir að sjá svo um, að þeir 500 rd., sem nú voru nefndir og borgaðir hafa verið úr jarðabókarsjóðnum fyrirfram, verði tilfærðir í jarðabókarreikningnum, er nær til 31. marzmán. 1866, bæði sem gjald, er aptur verði endurgoldið, og líka í tekjudálkinum í sama reikningi, ef að honum ekki er lokið áður en þér fáið bréf þetta, en að öðrum kosti sem tekjuginn í jarðabókarreikningnum fyrir fjárhagsárið 1866—67; en það er vitaskuld, að þeir þar að auki koma meðal gjaldanna í hinum síðarnefnda reikningnum í þeirri upphæð, sem yður hefir verið fengin til umráða, eins og nú var sagt. Um leið og þess skal getið, að landfógetanum hefir verið í dag ritið um þetta, skal stjórnarráðið nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli yðar á, hversu áriðandi það er, að vandlega sé gefinn gaumur að, að engin upphæð sé borguð úr jarðabókarsjóðnum, sem fjárhagslögin ekki heimila, og að ekki sé farið út yfir upphæðir þær, sem þar eru veittar. Komi einhver slík óvænt tilfelli uppá, að ekki verði komið hjá að breyta útaf þessari reglu, verður að skýra stjórnarráðinu frá því svo fljótt, að fá megi veitt fê í viðbót, og um leið færa sönnur á, að nauðsyn hafi til borið.

Þar sem þér, herra stiptamtmaður, því næst í bréfi dagsettu 18. f. m. hafði vakið athygli á því, hversu æskilegt það væri, að duglegur dýralæknir væri sendur til Íslands með næstu póstskeipsferð, til þess að hjálpa til að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjörðar verða í ár gegn fjárkláðanum, getur stjórnarráðið ekki dulizt þess, að eins og nú er ástatt, — þar sem sýkin sjálf um langan tíma hefir verið alþekkt á Íslandi, og landsmenn líka eru búnir að læra til fullnustu, hvernig eigi að fara með hana — er ekki alllitill efi á, hvort það, að dýralæknir væri sendur héðan til Íslands, mundi gjöra það gagn, að það í minnsta máta samsvari kostnaði þeim, sem af því leiddi. En að því slepptu hefir tíminn til að útvega mann, sem væri hæfur

til og fús á að takast þetta ætlunarverk á hendur, verið svo naumur, að stjórnarráðinu hefir verið alveg ómögulegt að verða við bæn yðar í þessu efni, og verðum vör því að biða eptir nákvæmari skýrslu frá yður um það, hvort ástandið er svo, að ekki verði komizt hjá að senda dýralækni til Íslands.

1866.
16. apríl.

36. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til Steingríms Thorsteinssonar, kandidats í málfræði, um styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði.

28. apríl.

Stjórnarráðið kunngjörir yður hérmeð, að það samkvæmt bænarskrá yðar dagsettri 6. októbermán. f. á. hefir veitt yður 300 ríkisdala styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði, og skal því við bætt, að stjórnarráðið í dag hefir hlutast til um, að yður verði borgaður fyrst um sinn helmingurinn af styrk þessum úr aðalfjárhirzlu ríkisins.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Gísla Brynjúlfs-sonar, kand. philos., um styrk til að semja rit um sögu og ástand landstjórnarinnar á Íslandi á miðöldunum.

1. maí.

Í bænarskrá dagsettri 15. októbermán. f. á. hafið þér sókt um 800 ríkisdala styrk, bæði til að semja rit um ástand og sögu landstjórnarinnar á Íslandi frá því fyrst á miðöldunum og langt fram eptir þeim, og líka til að gefa út ýmsar ritgjörðir sem eru í handritasöfnunum íslenzku, og að yðar álit hafa í sér fólgið margt fróðlegt um landstjórn og lifnaðarháttu (*sociale Liv*) á Íslandi í fornöld, um verzlunarsögu landsins, landshagi og fleira; hafið þér ætlazt á, að allt þetta rit verði hërumbil 20 arkir í tveim pörtum, 10 arkir hver.